

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Hvalfirði



<b>Dags eftirlits</b>	27.11.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinar Guðnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.510
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	381063,917 435432,324

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í olíubirgðastöðina í Hvalfirði var sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Prófað hefur verið fyrir olíuleifum í frárennslisvatni stöðvarinnar. Notað var Macherey-Nagel olíupróf. Olía greindist ekki í frárennslinu. Olíuskynjarar í frárennslinu olíugeymanna eru tengdir raflokum. Búnaðurinn er prófaður nokkrum sinnum á ári.

Geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2008 og lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010 og 2013.

Katöðukerfi stöðvarinnar (tæringarvarmir) er nú virkt. Áætlað er að skipta út fórnarskautum í sjónum fljótleg. Kafarar Landhelgisgæslunnar munu aðstoða við verkið.

Stöðin stendur tóm og beðið er eftir að bensín verði næst sett á stöðina svo hægt sé að mæla losun rokgjarna lofttegunda frá stöðinni. Stöðin var tæmd í apríl 2014 og hefur staðið tóm síðan. Stöðin er tengd við gufuendurnýtingarkerfi Litla-Sandsstöðvarinnar. Tækið var yfirfarið sumarið 2013 og mælur kvarðaðir. Tækið er tölvutengt og sísmæling á losun gufa til andrúmslofts. Reglugerð nr. 252/1999 kveður á um að losun gufa frá geymslu á bensíni skuli ekki fara yfir 35 g/Nm<sup>3</sup>/klst. Samkvæmt gögnum úr sísmælingu fór hæsti toppur í 10 g/Nm<sup>3</sup>, en klukkutímameðaltal var hæst 4,5 g/Nm<sup>3</sup>.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Flest er neðanjarðar og sést því ekki við skoðun. Farið var upp í mengunarvarnarpróna og leit þar allt vel út. Girðingar og hlið voru í ágætu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 03.12.2014

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.